



Garðyrkjuskólinn Reykjum



Fjölbrotaskóli Suðurlands

GRÓÐ1ÍF01 – Íslenska flóran

Kennari: Guðríður Helgadóttir (gurry@fsu.is)

Kennsluáætlun haustið 2024

Áfanginn íslenska flóran er byggður upp þannig að nemendur vinna tvö verkefni sem þeir skila til kennara.

Annað verkefnið (Grasagarðsverkefnið, gildir 20% af lokaeinkunn) er unnið í Grasagarðinum í Reykjavík eða í Lystigarðinum á Akureyri og eiga nemendur að fylla út verkefnisblöð sem eru komin inn í áfangann. Verkefninu er svo skilað til kennara þegar nemandi hefur lokið við það, þetta verkefni þarf að vinna á meðan hægt er að skoða plöntur í grasagörðunum, sennilega eitthvað fram í október.

Hitt verkefnið (Plöntusafn, gildir 80% af lokaeinkunn) er söfnun og þurrkun á 50 tegundum úr íslensku flórunni og vinna nemendur það að sumarlagi (vor og haust koma líka til greina). Nánari upplýsingar um plöntusafnið eru komnar inn í áfangann, undir titlinum „Leiðbeiningar um gerð plöntusafns“.

Vinsamlegast fylgið þeim leiðbeiningum vandlega eftir.

Á haustönninni er boðið upp á tíma í stundaskrá þar sem nemendur geta leitað til kennara um álitamál varðandi plöntugreiningar eða frágang á safninu. Endilega verið í sambandi við mig um það hvort þið ætlið að nýta tímann eða ekki (það er ekki skyldumæting), ef enginn gefur sig fram fer ég bara að vinna í öðru. Skil á plöntusafni eru í október en að sjálfsögðu má alveg skila því fyrr.

Merkimiðar fyrir plöntusafnið fást á skrifstofu skólans.



Garðyrkjuskólinn Reykjum



Fjölbrotaskóli Suðurlands

Námsefni:

Íslenska plöntuhandbókin, 3. útgáfa 2010. Hörður Kristinsson.

Skipulag áfanga

Á kynningardegi nýnema er farið yfir helstu atriði plöntusöfnunar og þurrkunar með nemendum. Nemendur safna svo plöntum yfir sumartímann, þurrka þær og pressa og greina til tegundar eftir bestu getu. Grasagarðsverkefni gengur út á að fara í grasagarð og fylla út verkefni sem er inni í kennslukerfi skólans.

Fyrirlestrar: Engir fyrirlestrar eru í áfanganum.

Heimaverkefni og námsmat: Tvö verkefni, annars vegar plöntusafn með 50 íslenskum plöntutegundum (gildir 80% í lokaeinkunn) og svo grasagarðsverkefni sem gildir 20% í lokaeinkunn.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Garðyrkjuskólanum Reykjum - FSu, 26. ágúst 2024

Guðríður Helgadóttir

Áfangi	Einingar	Hæfniprep
GRÓÐ1ÍF01 – Íslenska flóran	1 fein	1
Lýsing Áfanginn er byggður upp sem verklegur áfangi í plöntuskoðun og plöntusöfnun. Nemendur fá þjálfun í söfnun plantna úr íslensku flórunni og meðhöndlun þeirra. Farið er í aðferðir við að þurrka og pressa plöntur og líma á spjöld í plöntusöfn (<i>herbarium</i>). Farið er í mismunandi aðferðir við greiningu plantna og notaðir til þess mismunandi greiningarlyklar. Nemendur merkja plöntur í plöntusafni á viðeigandi hátt og skila tilskyldum fjölda plantna til kennara.		
Forkröfur Almennar forkröfur garðyrkjunáms.		



<p>Þekkingarviðmið</p> <p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none">• Hvaða tegundir teljast til íslensku plöntuflórunnar.• Algengustu einkennisplöntum mismunandi gróðurlenda íslensku flórunnar.• Aðferðum við söfnun, pressun og þurrkun plantna í plöntusafni.• Notkun greiningarlykla við greiningu plantna til tegunda.• Uppsetningu plantna í plöntusafni.	<p>Hæfniviðmið</p> <p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none">• Fjalla um hvaða plöntur tilheyra íslensku flórunni, metið með rökstuðningi.• Gera sér grein fyrir breytileika gróðurlenda á Íslandi og hvað einkennir viðkomandi gróðurlendi, metið með rökstuðningi.• Útbúa plöntusafn á eigin spýtur, metið með vinnuframlagi og frágangi .• Leggja mat á hvaða greiningarlyklar eru viðeigandi hverju sinni þegar plöntur eru greindar, metið með rökstuðningi.
<p>Leikniviðmið</p> <p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none">• Greina plöntur sem tilheyra íslensku flórunni frá öðrum plöntum í umhverfinu.• Meta mismunandi gróðurlendi í íslenskri náttúru.• Safna, pressa og þurrka plöntur.• Nota greiningarlykla til að greina plöntutegundir.• Setja plöntur upp á viðurkenndan hátt í plöntusafni.• Merkja plöntur í plöntusafni á viðeigandi hátt.	
<p>Námsmat</p> <p>Einkunn fyrir plöntusafn, frammistaða í verklegum æfingum.</p>	
<p>Leiðbeiningar og athugasemdir (fyrir aðra kennara)</p> <p>Nemendur þurfa sérstakan stuðning til að komast af stað með plöntusöfnun, pressun og þurrkun og eins þarf að styðja sérlega vel við þá þegar í greiningarvinnuna er komið. Hægt að nota tölvuforrit til stuðnings í kennslunni.</p>	
<p>Tenging við grunnþætti</p> <p>Sjálfbærni: Nemendum er kennt að safna plöntum á þann hátt að ekki sjáist á náttúrunni.</p> <p>Læsi: Nemendur læra á gróðurfar í umhverfi og eru læsir á mismunandi gróðurlendi í gróðurriki Íslands.</p> <p>Heilbrigði og velferð: Við plöntusöfnun í náttúrunni dvelja nemendur langdvölum utandyra og njóta þá útivistar og hreyfingar umfram það sem gerist í kennslustundum.</p>	
<p>Dags.: 12.6.2013</p> <p>Höfundur: Guðríður Helgadóttir</p>	